

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 6. mars 2006, kl 17:15.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, Helga Björk Ólafsdóttir, Sigurhanna Friðþórsdóttir, Finnbogi Friðfinnsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.

1. Skólastarfið og það helsta framundan:

Skólastarfið hefur gengið nokkuð vel, ef frá eru taldar lítilsháttar truflanir af vinnu nemenda við loðnufyrstingu og útskipun. Einnig hefur flensa gert vart við sig bæði í hópi nemenda og kennara, eins og oft á þessum árstíma. Töluvert hefur verið um heimsóknir, ma vegna átaks gegn vímuefnum sem í gangi er. Það helsta fer hér á eftir:

8. feb: Kynning á kennsluumhverfinu Námsskjá fyrir kennara skólans.

20. feb: Umferðarfræðsla VÍS fyrir nemendur á 1. ári.- Ragnheiður Davíðsd.

21. feb: Nemendum boðið að sjá leiksýninguna “Hvað ef” í bjarleikhúsinu.

22. feb: Fræðslufulltrúi frá SÁÁ (Hörður Oddfríðarson) kom og ræddi við nemendur á 1. ári, aðallega um neyslu áfengis og afleiðingar hennar.

28. feb: Kynning fyrir kennara á gæðakerfi Fjöltækniskólans, sem byggt er á ISO 9001 staðli. Þarf að taka upp hjá okkur varðandi vélstjórnarnámið.

28. feb: Fundur í FÍV með fulltrúum nefndar um starfsnám,

Fyrstu dagana í mars hefur verið unnið að miðannarmati sem nemendur á fyrsta og öðru ári fá sent heim, en eldri nemendur geta skoðað í INNU.

Framundan eru “opnir dagar” 15.-17. mars, þar sem hefðbundin kennsla er lögð til hliðar og unnið að ýmsum “öðruvísi” verkefnum. Von er á sænskum skiptikennara ásamt nokkrum nemendum í heimsókn í næstu viku. Koma þau frá einum af samstarfsskólum okkar í MTC verkefninu. Unnið hefur verið að því að ráða sérfræðing til að aðstoða okkur á lokaspretti í innleiðingu stefnumiðaðs árangursmats, sem einnig nýtist við sjálfsmatsvinnu innan skólans. IMG – ráðgjöf varð fyrir valinu og mun okkar stýrihópur hitta fulltrúa þeirra á næstu dögum og síðan er ráðgerð “vinnustofa” 17. mars, þar sem ráðgjafi vinnur með starfsfólki skólans.

2. Vinna nemenda á loðnuvertíð.

Skólameistari lagði fram greinargerð um vinnu nemenda á nýafstaðinni loðnuvertíð og sagði að nú yrði farið yfir þessi mál og tekin ákvörðun um framhaldið. Skólanefnd taldi fyrir sitt leyti ekki ástæðu til að hætta við núverandi fyrirkomulag ef vel væri haldið utanum leyfisveitingar af skólans hálfu og samvinna við stöðvarnar væri vel skipulögð. Nú í vor fengu 60 nemendur samtals um 180 leyfisdaga vegna vinnu.

3. Önnur mál.

Nefndarmenn fengu afhent eintak af undirrituðum skólasamningi.

Finnbogi gerði grein fyrir undirbúningi opinna daga og árshátíðar sem halda á 17 mars.

Næsti fundur verður þann 3 apríl.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl 18:30
Ólafur H. Sigurjónsson.